

Skólaráð Naustaskóla

10. fundur ársins 2011 þann 5. október kl. 8:10

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir, Sara Stefánsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon.

Fulltrúar starfsmanna: Brynja D. Hermannsdóttir, Sigurlaug Jónsdóttir og Harpa M. Hermannsdóttir.

Fulltrúar nemenda: Hrannar Þór Rósarsson

Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Hlutverk skóla m.t.t. laga og aðalnámskrár.** Framhald frá umræðu á síðasta fundi. Farið yfir hlutverk skóla eins og það er tilgreint í lögum annars vegar en í stefnu Naustaskóla hins vegar. Ágætt samræmi er milli þessara þagga og ekki þörf á endurskoðun.
- 2. Hjálmanotkun nemenda á skólalóð.** Erindi frá starfsmannafundi. Skiptar skoðanir eru um það í starfsmannahópnum hversu langt skólinn skuli ganga í að fylgjast með og þrýsta á um hjálmanotkun nemenda sem eru á hlaupahjólum og línuskautum. Hingað til hefur nemendur verið leyft að nota þessi farartæki á hluta skólalóðarinnar en ekki hefur verið krafist hlífðarbúnaðar. Skólaráð samþykkir að gert verði átak í því, þegar sól hækkar á lofti, að reka áróður fyrir hjálmanotkun, og að fylgja því eftir að þeir nemendur sem vilja nota hlaupahjól og línuskauta í frímínútum verði með hjálma.
- 3. Stefna varðandi nemendaferðir.** Erindi frá skólastjóra. Kominn er upp áhugi fyrir því meðal nemenda 9. bekkjar að stefna að utanlandsferð í lok 10. bekkjar. Spurt er um hug skólaráðsfulltrúa til slíks, ekki síst vegna sterks fordæmisgildis fyrir þá árganga sem koma í kjölfarið. Skólaráð tekur jákvætt í hugmyndir um útskrifarferðir erlendis, skólastjóra var falið að kanna fyrirkomulag í nokkrum öðrum skólum og taka saman kosti og galla.
- 4. Mötuneytismál.** Rætt um komandi samræmdan matseðil, hann mun verða tekinn í notkun hjá okkur um næstu mánaðamót.
- 5. Viðtalsdagur í lok september.** Rætt um fyrirkomulag viðtalsdaganna í síðustu viku. Almennt mat virðist vera að tímasetning viðtalanna sé góð, svona nokkrum vikum eftir að kennsla hefst. Fulltrúum foreldra fannst sem markmið viðtalanna hefðu ekki náðst að öllu leyti (hugsanlega misjafnt eftir námshópum), t.d. hvað varðar upplýsingagjöf um nám og námsstöðu, þátttöku nemenda í viðtalinu o.fl. Í einhverjum tilfellum þyrftu nemendur að vera betur undirbúnir undir að vera virkir þátttakendur eða stjórnendur í samtölum af þessu tagi, það kemur vonandi með því að við í skólanum verðum smátt og smátt virkari í að ræða við nemendur um nám þeirra. Það kann að vera eðlilegt ekki nást öll markmið í fyrstu atrennu þar sem nýtt fyrirkomulag tekur tíma að lærast og festast í sessi.
- 6. Girðingar á skólalóð.** Ábendingar um að girðingar á skólalóð bæði Naustaskóla og Naustatjarnar snúa öfugt, þ.e. að hliðin sem í raun á að snúa niður snýr upp og hefur það í för með sér slyshættu vegna odda sem eru á þeirri hlið og hafa slíkar girðingar valdið slysum á fólki þegar það hefur reynt að klifra yfir girðingarnar. Skólaráð lýsti áhyggjum

sínum af þessu. Skólastjóri hefur þegar gert athugasemdir við þetta mál til Fasteigna Akureyrar og er vonast eftir umbótum.

- 7. Heimanám.** Farið yfir stefnu skólans varðandi heimanám eins og hún er sett fram í starfsáætlun. Góð sátt um stefnuna en töluverðar umræður um heimanám almennt og tilgang þess. Niðurstaðan er að stefnan stendur óbreytt en henni þarf að halda vel á lofti og kynna hana vel, t.d. áhersluna á að allir nemendur lesi heima. Umræðu um starfshætti nemendaverndarráðs, fjárhagsáætlun, námsmat og matsáætlun / skorkort er frestað til næsta fundar.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur verður miðvikudaginn 2. nóvember, skólastjóri boðar til hans.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð